

AUGLÝSING

um fyrirvarssamning við Litáen.

Með orðsendingaskiptum hinn 15. og 27. febrúar 2017 var gengið frá fyrirvarssamningi milli Íslands og Litáen. Þar er Litáen falin afgreiðsla umsókna um vegabréfsáritanir í tilteknum ríkjum þar sem Ísland er ekki sjálft með fyrirvar.

Samningurinn er gerður samkvæmt heimild í 10. mgr. 20. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 og öðlaðist gildi 1. mars 2017.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 14. júní 2024.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR**

um fyrirvar í formi orðsendingaskipta
milli Íslands og Litáen

A. Orðsending frá Íslandi

Tilv.: UTN17010098/31.E.001

Utanríkisráðuneyti Íslands vottar utanríkisráðuneyti Lýðveldisins Litáen virðingu sína og veitist sá heiður að leggja til að gerður verði samningur um fyrirvar vegna vegabréfsáritana milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Litáen (hér á eftir nefndur „samningurinn“).

Með vísan til samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna, og í samræmi við 4. mgr. 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 frá 13. júlí 2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir (vegabréfsáritunarreglur), hafa ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Lýðveldisins Litáen (hér á eftir nefndir „samningsaðilar“) komið sér saman um eftirfarandi:

Umfang fyrirvars.

1. Í samræmi við samning þennan skal Lýðveldið Litáen fara með fyrirvar fyrir Ísland á eftirfarandi stöðum:
 - Kalíníngrad (Rússneska sambandsríkið),
 - Astana og Almaty (Lýðveldið Kasakstan),
 - Chicago (Bandaríki Ameríku),í sendiráðum og á ræðisskrifstofum Lýðveldisins Litáen (hér á eftir nefnd „sendiskrifstofurnar“).
2. Utanríkisráðuneyti samningsaðilanna geta með orðsendingaskiptum komið sér saman um breytingu á skránni sem sett er fram í 1. mgr.

Gildissvið fyrirvars.

1. Fyrirvar skal fela í sér:
 - upplýsingar til almennings, eftir því sem við á,
 - viðtöku skjala fyrir umsóknir um vegabréfsáritanir og, ef nauðsyn krefur, lífkennaupplýsinga,
 - meðferð umsókna um vegabréfsáritanir og útgáfu vegabréfsáritana í samræmi við 1. mgr. 8. gr. í vegabréfsáritunarreglunum,
 - synjun um vegabréfsáritanir í kjölfar meðferðar umsókna í samræmi við d-lið 4. mgr. 8. gr. vegabréfsáritunarreglnanna,
 - kærur í samræmi við 3. mgr. 32. gr. vegabréfsáritunarreglnanna.
2. Óheimilt er að gefa út vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði (VLTV) án heimildar stjórnvalda þess ríkis sem nýtur fyrirvars. Þetta á þó ekki við ef takmörkunin kemur eingöngu til vegna þess að Schengen-aðildarríkin hafa ekki öll viðurkennt ferðaskilríkin, sbr. vegabréfsáritunarreglurnar, nema það sé ríkið sem nýtur fyrirvars sem viðurkennir ekki ferðaskilríkin.

Skilyrði varðandi fyrirvar.

1. Ef sendiskrifstofan sem veitir fyrirvar kemst að þeirri niðurstöðu að öll skilyrði fyrir útgáfu vegabréfsáritunar hafa verið uppfyllt samkvæmt vegabréfsáritunarreglunum mun sendiskrifstofan gefa út vegabréfsáritun.
2. Þýða skal fylgiskjöl með umsóknum um vegabréfsáritun, ef nauðsyn krefur, á eitt af þeim vinnutungumálum sem sendiskrifstofan, sem gefur vegabréfsáritunina út, notar. Umsækjandi um vegabréfsáritun skal standa straum af kostnaði við þýðinguna.

3. Ef fram koma spurningar, einkum í tengslum við boðsaðila eða ábyrgðaraðila, er ríkinu sem veitir fyrirvar heimilt að hafa samband við miðlægan tengilið ríkisins sem nýtur fyrirvars og/eða tengilið þess á staðnum. Skrá yfir tengiliði fylgir með (1. viðauki). Berist ekki svar innan sjö almanaksdaga má ríkið sem veitir fyrirvar gera ráð fyrir því að ríkið sem nýtur fyrirvars andmæli ekki útgáfu vegabréfsáritunarinnar.
4. Sendiskrifstofunni sem veitir fyrirvar er heimilt að festa vegabréfsáritanir á öll ferðaskilríki sem bæði litáísk og íslensk stjórnvöld viðurkenna.
5. Ríkið sem nýtur fyrirvars skuldbindur sig til að hafa samráð við ríkið sem veitir fyrirvarið um viðurkenningu á ferðaskilríkjum sem gefin eru út í þeim löndum þar sem það nýtur fyrirvars. Einnig mun ríkið sem veitir fyrirvar upplýsa ríkið sem nýtur fyrirvars um ný ferðaskilríki sem gefin hafa verið út í fyrrnefndum löndum og óska eftir eintökum fyrir ríkið sem nýtur fyrirvars.
6. Í þeim tilvikum þar sem ríkisfang krefst samráðs mun ríkið sem veitir fyrirvar annast samráðið í samræmi við 22. gr. vegabréfsáritunarreglnanna.
7. Ríkinu sem veitir fyrirvar er heimilt að eiga samstarf við utanaðkomandi þjónustuaðila á fleiri en einum stað, í samræmi við og að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í vegabréfsáritunarreglunum.

Tölfræðilegar upplýsingar.

Að fenginni sértækri eða almennri beiðni munu Ísland og Lýðveldið Litáen deila með sér tölfræðilegum upplýsingum varðandi þær vegabréfsáritanir sem hafa verið gefnar út.

Gjöld.

Innheimta skal gjöld fyrir afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir í samræmi við vegabréfsáritunarreglurnar. Ríkið sem veitir fyrirvar á rétt á öllum gjöldum fyrir afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir.

Þar fyrir utan verður engin uppbótargreiðsla fyrir afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir.

Lokaákvæði.

1. Samningur þessi er gerður til ótiltekins tíma.
2. Báðir samningsaðilar geta breytt samningi þessum hvenær sem er, í heild eða að hluta, með orðsendingaskiptum eða sagt honum upp eftir diplómatískum leiðum. Fari svo að samningi þessum verði sagt upp gildir hann áfram í níutíu (90) daga frá viðtökudegi tilkynningarinnar. Hann mun falla úr gildi sama dag og Schengen-samstarfssamningurinn fellur úr gildi, í samræmi við 16. og 17. gr. fyrrnefnds samnings. Fresta má samningi þessum hvenær sem er, í heild eða að hluta. Tilkynna skal eftir diplómatískum leiðum á hvaða degi tímabundna niðurfellingin hefst og hvenær henni lýkur og tekur slíkt gildi þrjátíu (30) dögum eftir tilkynningardag nema annað hafi verið samþykkt.
3. Sérhvert ágreiningsmál eða deilur vegna túlkunar ákvæða þessa samnings skal leysa í vinsemd með samráði eða samningaviðræðum milli samningsaðila eftir diplómatískum leiðum.
4. Samþykkja má með óformlegum hætti hagnýt skilyrði varðandi framkvæmd samnings þessa.

Fallist Litáen á framangreinda tillögu veitist utanríkisráðuneyti Íslands sá heiður að leggja til að orðsending þessi og samsvarandi orðsending um samþykki verði ígildi samnings milli ríkistjórnar Íslands og ríkistjórnar Lýðveldisins Litáen um fyrirvar vegna vegabréfsáritana, sem skal öðlast gildi 1. mars 2017.

Utanríkisráðuneyti Íslands notar þetta tækifæri til þess að votta utanríkisráðuneyti Lýðveldisins Litáen enn á ný fyllstu virðingu sína.

Utanríkisráðuneytinu
Reykjavík, 15. febrúar 2017

Utanríkisráðuneyti Lýðveldisins Litáen

V I L N Í U S

B. Orðsending frá Litáen

Utanríkisráðuneyti Litáen vottar utanríkisráðuneyti Íslands virðingu sína og veitist sá heiður að staðfesta móttöku orðsendingarinnar frá 15. febrúar 2017, en efni hennar er eftirfarandi:

[Sjá texta í A-hluta hér að framan]

Utanríkisráðuneyti Lýðveldisins Litáen samþykkir skilmála afrituðu orðsendingarinnar hér að framan sem skal, ásamt þessari orðsendingu, teljast vera samningur milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Litáen og ríkisstjórnar Íslands um fyrirsvar vegna vegabréfsáritana. Samningur þessi öðlast gildi 1. mars 2017.

Utanríkisráðuneyti Lýðveldisins Litáen notar þetta tækifæri til þess að fullvissa utanríkisráðuneyti Íslands enn á ný um fyllstu virðingu sína.

Vilnius, 27. febrúar 2017

UTANRÍKISRÁÐUNEYTI ÍSLANDS
Reykjavík

VIÐAUKI I

Tengiliður í Útlendingastofnun Íslands
Heimilisfang
Útlendingastofnun Íslands
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík
Ísland

Sími og tölvupóstfang
Sími: +354 4440900
Tölvupóstfang: utl@utl.is

Tengiliður vegna vegabréfsáritana
Hildur Reykdal
Umsjón með vegabréfsáritunum
Beint símanr.: +354 444 0930
Tölvupóstfang: hildurr@utl.is

AGREEMENT
on Visa Representation Agreement in the form of an Exchange of Notes
between Iceland and Lithuania

A. Note verbal from Iceland

Ref.: UTN17010098/31.E.001

The Ministry for Foreign Affairs of Iceland presents its compliments to the Ministry of Foreign Affairs of the Republic of Lithuania and has the honour to propose to conclude an agreement between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the Republic of Lithuania on Visa Representation (hereinafter referred to as “the Agreement”).

Referring to the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the latter's association with the implementation, application and development of the Schengen acquis and in compliance with Article 8, paragraph (4) of the Regulation (EC) No 810/2009 of the European Parliament and of the Council of 13 July 2009 establishing a Community Code on Visas (Visa Code), the Government of the Republic of Iceland and the Government of the Republic of Lithuania (hereinafter referred to as the “Contracting Parties”) have agreed as follows:

Extent of representation

1. In accordance with this Agreement, the Republic of Lithuania shall represent Iceland in the following locations:
 - Kaliningrad (Russian Federation);
 - Astana and Almaty (Republic of Kazakhstan);
 - Chicago (United States of America);at the Embassies and Consular representations of the Republic of Lithuania (hereinafter referred to as the “Missions”).
2. The Ministries of Foreign Affairs of the Contracting Parties may agree upon the modification of the list set forth in paragraph 1 by exchange of notes.

Scope of the representation

1. The representation shall include:
 - information to the public when appropriate;
 - collection of documents for visa applications and, if necessary, biometric data;
 - examination of visa applications and the issuing of visas in accordance with Article 8, paragraph 1 of the Visa Code;
 - refusal of visas after examination of the application in accordance with Article 8, paragraph 4(d) of the Visa Code;
 - appeals according to Article 32, paragraph 3 of the Visa Code;
2. No visa with limited territorial validity (VLT) can be issued without authorization from the represented State. However, this does not apply if the limitation is solely due to the fact that not all Schengen Member States recognize the travel document; cf. the Visa Code, unless it is the represented State that does not recognize the travel document.

Conditions of the representation

1. If the representing Mission finds that all the conditions for issuing a visa are met, according to the Visa Code, the Mission will issue a visa.
2. Supporting documents for the visa applications, if necessary, shall be translated in one of the working language(s) used by the visa issuing Mission. The cost of translation will be borne by the visa applicant.

3. In the event of questions, in particular when related to the inviting party or sponsor, the representing State may contact the central and/or local contact point of the represented State. A list of contact points is attached (Annex 1). If an answer is not provided within seven calendar days, the representing State may assume that the represented State does not object to the visa being issued.
4. The representing Mission shall be authorized to affix visas to travel documents recognized by both Lithuanian and Icelandic authorities.
5. The represented State undertakes to coordinate with the representing State on the recognition of travel documents issued by the countries where it is represented. Likewise, the representing State will inform the represented State of new travel documents issued by the aforementioned countries and will request specimens for the represented State.
6. Consultation will be executed by the representing State for nationalities for which consultation is required, in accordance with Article 22 of the Visa Code.
7. The representing State may work with an external service provider at one or more locations, in accordance with and under the conditions stipulated by Visa Code.

Statistics

Statistics regarding the visas that have been issued will, after a specific or general request, be shared between Iceland and the Republic of Lithuania.

Fees

Fees for visa applications are to be charged in accordance with the Visa Code. The representing State is entitled to all visa fees. Besides from that there will not be given any financial compensation for handling the visa applications.

Final clauses

1. This Agreement is concluded for an unlimited period of time.
2. This Agreement can be amended at any time, in whole or in part, by means of an exchange of notes or denounced via diplomatic channels by either Contracting Party. In the event of denunciation, this Agreement remains in force for a period of ninety (90) days from the day of receipt of the notification. It will cease to be applicable on the date on which the Schengen Association Agreement ceases to apply in conformity with arts 16 and 17 of said Agreement. This Agreement can be suspended at any time, in whole or in part. The dates on which the suspension begins and ends must be notified through diplomatic channels and are effective thirty (30) days from the date of this notification unless agreed otherwise.
3. Any differences or disputes arising from the interpretation of the provisions of this Agreement shall be settled amicably by consultation or negotiation of the Contracting Parties through diplomatic channels.
4. The practical conditions of implementation of this agreement may be agreed upon informally.

If the foregoing proposal is acceptable to the Lithuanian side, the Ministry for Foreign Affairs of Iceland has the honour to suggest that the present verbal note and the corresponding note of acceptance will together constitute the Agreement between the Government of Iceland and the Government of the Republic of Lithuania on Visa Representation, which shall enter into force on 1 March 2017.

The Ministry for Foreign Affairs of Iceland avails itself of this opportunity to renew to the Ministry of Foreign Affairs of the Republic of Lithuania the assurances of its highest consideration.

Ministry for Foreign Affairs
Reykjavík, 15 February 2017

Ministry of Foreign Affairs
of the Republic of Lithuania

VILNIUS

B. Note verbal from Lithuania

The Ministry of Foreign Affairs of the Republic of Lithuania presents its compliments to the Ministry for Foreign Affairs of Iceland and has the honour to confirm the receipt of the note of 15 February 2017 whose content is the following.

[See text as above in A.]

The Ministry of Foreign Affairs of the Republic of Lithuania agrees with the terms of the above transcribed note, which with this present note shall constitute the Agreement between the Government of the Republic of Lithuania and the Government of Iceland on Visa Representation. The Agreement shall enter into force on 1 March 2017.

The Ministry of Foreign Affairs of the Republic of Lithuania avails itself of this opportunity to renew to the Ministry for Foreign Affairs of Iceland the assurances of its highest consideration.

Vilnius, 27 February 2017

MINISTRY FOR FOREIGN AFFAIRS OF ICELAND
Reykjavík

ANNEX I

Contact at the Icelandic Directorate of Immigration
Address
Icelandic Directorate of Immigration
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík
Iceland

Telephone and email
Telephone: +354 4440900
Email: utl@utl.is

Contact for visa matters
Ms. Hildur Reykdal
Visa Case Handler
Dir.tel: +354 444 0930
Email: hildurr@utl.is